

Upplýsingar úr uppgjöri

Árshlutareikningur F1 2025



Stöðugur rekstur í krefjandi veðurfari

- Hagnaður af grunnrekstri Landsvirkjunar á fyrsta ársfjórðungi nam 12 milljörðum króna og handbært fé frá rekstri 13,7 milljörðum.
- Fjárhagslegur styrkur fyrirtækisins hefur aldrei verið meiri, eiginfjárhlutfall er 67% og skuldsetning er 1,4x rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.
- Rekstrartekjur hækkuðu á tímabilinu miðað við sama tíma í fyrra, eftir að hafa dregist saman frá metárinu 2023.

Hörður Arnarson
Forstjóri



„Eftir tímabundinn samdrátt í raforkusölu vegna erfiðrar stöðu í vatnsbúskapnum hefur raforkuvinnsla Landsvirkjunar náð fyrri stöðugleika. Seinni hluta síðasta árs var miðlunarstaða í sögulegu lágmarki, en eftir úrkomusaman vetur á hálendi Íslands er vatnsstaða allra miðlunarlóna fyrirtækisins nú vel yfir sögulegum meðaltölum.

Tekjur hækkuðu um 13% frá fyrra ári og námu 162 milljónum Bandaríkjadala, eða um 21,4 milljörðum króna, á fyrsta ársfjórðungi.

Hagnaður af grunnrekstri á fjórðungnum jókst um 18% á milli ára og nam 91 milljón dala, eða rúmlega 12 milljörðum króna. Eiginfjárhlutfall hefur aldrei verið hærra, eða 67% og því stendur Landsvirkjun styrkum fótum í upphafi þess framkvæmdatímabils sem í hönd fer, með byggingu Vaðölduvers (vindorkuvers) og Hvammsvirkjunar (vatnsaflsvirkjunar), auk stækkunar Sigöldustöðvar (vatnsaflsvirkjunar). Nettó skuldir lækka áfram og eru nú 1,4-sinnum rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.“

Lykiltölur

Selt magn

3,5 TWst ↓ 1,2%

Rekstrartekjur

162 m. USD ↑ 13,0%

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði

91 m. USD ↑ 17,8%

Handbært fé frá rekstri


104 m. USD ↑ 2,8%

Nettó skuldir

591 m. USD ↓ 1,9%

Eiginfjárlutfall

67,0% ↑ 1,1 prst.




Rekstur

Milljónir USD	F1 2025	F1 2024	%
Rekstrartekjur	162,4	143,7	13,0%
EBITDA	117,4	105,2	11,7%
Hagnaður fyrir óinnl. fj.	91,1	77,4	17,8%
Raforkusala (TWst)	3,5	3,5	-1,2%

Rekstrartekjur á fyrsta ársfjórðungi hækka um 13% frá sama tímabili árið áður og hafa ekki verið jafn sterkar síðan á þriðja ársfjórðungi árið 2023. Eftir erfiða byrjun yfirstandandi vatnsárs, þar sem grípa þurfti til skerðinga, hefur ræst vel úr að undanfögnu og eru nú ágætær líkur á góðum miðlunarforða næsta haust.


Hagnaður af grunnrekstri (hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði) hækkar samhliða tekjum.



Efnahagur

Milljónir USD	31.3. 2025	31.12. 2024	%
Eignir samtals	3.527,3	3.477,9	1,4%
Skuldir samtals	1.165,4	1.174,1	-0,7%
Nettó skuldir	590,5	666,9	-11,5%
Eiginfjárlutfall	67,0%	66,2%	0,8 prst.

Nettó skuldir lækka um 12% frá áramótum og hækkar eiginfjárlutfall í 67% sem er sögulegt met hjá fyrirtækinu. Landsvirkjun er því vel í stakk búin að takast á við byggingu Vaðölduvers og Hvammsvirkjunar og stækkun Sigöldustöðvar.



Sjóðstreymi

Milljónir USD	F1 2025	F1 2024	%
Veltufé frá rekstri (FFO)	112,3	102,3	9,8%
Handbært fé frá rekstri	104,1	101,3	2,8%
Fjárfestingar	23,7	8,1	192,2%
Fjármögnun	-72,9	-12,8	467,7%

Fjármunamyndun heldur áfram að vera sterk og mun Landsvirkjun halda áfram að sýna ráðdeild í rekstri og hámarka verðmæti fyrir íslensku þjóðina. Handbært fé frá rekstri nam 104 m. USD á fyrsta ársfjórðungi og hækkar lítillega á milli ára.

